



Aðgerðir gegn peningabætti

og fjármögnun hryðjuverka

Áreiðanleikakönnun

ÁREIÐANLEIKAKÖNNUN

Hvað er áreiðanleikakönnun?

Um áreiðanleikakannanir er fjallað í III. kafla laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Með áreiðanleikakönnun er átt við upplýsinga- og gagnaöflun sem felst í því að sannreyna deili á viðskiptamanni og raunverulegum eiganda þar sem það á við, sem og aðilum sem hafa sérstaka heimild til þess að koma fram fyrir hönd viðskiptamanns. Sannreyna skal deili á þessum aðilum á grundvelli áreiðanlegra og sjálfstæðra upplýsinga auk þess sem leggja skal mat á upplýsingar um tilgang og eðli fyrirhugaðra viðskipta, en vera kann að nauðsynlegt sé að afla slíkra upplýsinga sérstaklega ef þörf krefur.

ÁREIÐANLEIKAKÖNNUN

Hvenær á að framkvæma áreiðanleikakönnun?

Framkvæma ber áreiðanleikakönnun við þær aðstæður sem kveðið er á um í 8. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, en það er meðal annars:

- Við upphaf viðvarandi samningssambands.
- Þegar um er að ræða einstök viðskipti að fjárhæð 15.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Ekki skiptir máli í því sambandi hvort viðskiptin fara fram í einni færslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri.
- Þegar um er að ræða millifærslu fjármuna að fjárhæð 1.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Ekki skiptir máli í því sambandi hvort verið er að millifæra fjármuni innanlands eða yfir landamæri.
- Við viðskipti með vörur eða þjónustu að fjárhæð 10.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, sem greitt er fyrir með reiðufé. Ekki skiptir máli í því sambandi hvort viðskiptin fara fram í einni greiðslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri,
- Við útgreiðslu vinninga hjá aðilum sem hafa starfsleyfi á grundvelli laga um happdrætti eða sérлага, að fjárhæð 2.000 evrur eða

meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, sem greitt er fyrir með reiðufé. Ekki skiptir máli í því sambandi hvort viðskiptin fara fram í einni greiðslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri.

- Þegar grunur er um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, án tillits til hvers konar undanþága eða takmarkana.
- Þegar vafi leikur á því að fyrirbyggjandi upplýsingar um viðskiptamann eða raunverulegan eiganda séu réttar eða nægilega áreiðanlegar.

Ekki skiptir máli í hvaða gjaldmiðli viðskipti fara fram. Ef um annan gjaldmiðil en evru er að ræða skal umreikna hann yfir í evrur miðað við gengi þess dags sem viðskipti eiga sér stað.

Viðvarandi samningssamband

Með viðvarandi samningssambandi er átt við öll viðskipti önnur en einstök viðskipti. Viðvarandi samningssamband telst hafa stofnast á þeim tímapunkti þegar viðskiptamaður getur og hefur heimild, til að nýta sér þjónustu tilkynningarskylds aðila. Tímamörk sem marka upphaf viðvarandi samningssambands geta t.d. verið:



EINSTÖK VIÐSKIPTI

Einstök viðskipti

Eru viðskipti sem eiga sér stað einu sinni, t.d. þar sem greitt er fyrir vöru eða þjónustu og viðskiptin eru ekki endurtekin og því ekki samningssamband fyrir hendi.

VIÐVARANDI SAMNINGSSAMBAND

- Við stofnun innlánsreiknings.
- Við útgreiðslu lánessamnings.
- Við undirritun samnings um þjónustu,
- Við undirritun eignaleigusamnings í lausa-fjárkaupum.
- Við undirritun samnings um eignastýringu,
- Við undirritun samnings um einkabankaþjónustu.
- Við afhendingu greiðslukorts til viðskiptamanns.
- Við áskrift í verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðum.
- Við undirritun leigusamnings.
- Við kaup á líftryggingu.

Færslur sem virðast tengjast hver annarri

Tilkynningarskyldir aðilar skulu sérstaklega vera á varðbergi gagnvart færslum sem virðast tengjast hver annarri. Aðilar kunna að reyna að koma sér hjá ítarlegri skoðun eða könnun með því að skipta færslum eða viðskiptum upp í margar smærri færslur eða viðskipti. Þetta geta t.d. verið endurtekin gjaldeyriskaup eða millifærslur, innlagnir eða úttektir sama aðila eða tengdra aðila, eða þegar sami aðili tekur við innlögnum frá mörgum mismunandi aðilum. Tilkynningarskyldir aðilar þurfa að hafa til staðar kerfi eða aðferðir til að greina slík mynstur og gæta þess að hafa viðmiðunartímabil vegna slíkra færslna ekki of þröng þar sem

um tengdar færslur getur verið að ræða hvort sem þær fara fram innan sama mánaðar, ársfjórðungs eða árs. Við mat á því hvort um tengdar færslur er að ræða skiptir jafnframt máli að horfa til efnahagslegrar stöðu viðskiptamanns til að meta hvort samanlögð viðskipti hans séu umfangsmeiri en gera megi ráð fyrir.

Hvers konar áreiðanleikakönnuna á að framkvæma?

Áreiðanleikakönnun getur verið með þrennum hætti:

- Hefðbundin áreiðanleikakönnun skv. 10. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Einfölduð áreiðanleikakönnun skv. 12. gr. laganna þegar áhættumat hefur sýnt fram á litla áhættu.
- Aukin áreiðanleikakönnun þegar áhættumat hefur sýnt fram á mikla áhættu og við þær aðstæður sem kveðið er á um í 13.-17. gr. laganna.

Flokkun viðskiptamanna samkvæmt áhættumati sker því úr um hvers konar áreiðanleikakönnun ber að framkvæma að undanskildum þeim tilvikum þar sem lögin kveða sérstaklega á um að skylt sé að framkvæma aukna áreiðanleikakönnun.



Áhættumat stýrir tegund áreiðanleikakönnunar

Samkvæmt 5. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka er öllum tilkynningarskyldum aðilum skylt að framkvæma áhættumat á starfsemi sinni. Áhættumatið stýrir því hvers konar áreiðanleikakönnun eigi að beita. Þegar áhættumat sýnir fram á að um litla áhættu sé að ræða er heimilt að beita einfaldaðri áreiðanleikakönnun. Sýni áhættumat hins vegar fram á að um mikla áhættu sé að ræða ber að beita aukinni áreiðanleikakönnun. Jafnframt ber að beita aukinni áreiðanleikakönnun við þær aðstæður sem fjallað er um í 13.-17. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

ÖFLUN UPPLÝSINGA

Hvað ber ávallt að kanna?

Við framkvæmd áreiðanleikakönnunar skal ávallt:

- Gera kröfu um að viðskiptamenn sanni á sér deili, og þar sem við á, raunverulegir eigendur og aðilar sem hafa sérstaka heimild til að koma fram fyrir hönd viðskiptamanns.
- Sannreyna deili á viðskiptamanni á grundvelli áreiðanlegra og sjálfstæðra upplýsinga og, þar sem við á, sannreyna deili á raunverulegum eiganda.
- Leggja mat á, eða ef við á, afla upplýsinga um tilgang og eðli fyrirhugaðra viðskipta t.d. ef það er ekki augljóst af viðskiptasambandinu eða þeim viðskiptum sem óskað er eftir.

Upplýsingar um viðskiptamann

Öflun upplýsinga um viðskiptamann vegna áreiðanleikakönnunar má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi þurfa viðskiptamenn og raunverulegir eigendur að sanna á sér deili gagnvart tilkynningarskyldum aðilum. Í öðru lagi þurfa tilkynningarskyldir aðilar sjálfir að afla upplýsinga um viðskiptamenn og raunverulega eigendur. Í þriðja lagi þurfa tilkynningarskyldir aðilar að kanna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn og raunverulega eigendur.

Upplýsingar um einstaklinga

Einstaklingar skulu sanna á sér deili með framvísun persónuskilríkja sem eru viðurkennd af stjórnvöldum. Þetta á við hvort sem um er að ræða viðskiptamann eða raunverulegan eiganda. Tilkynningarskyldum aðila ber að leitast við að fullvissa sig eins og kostur er, að viðskiptamaðurinn sé sá sem hann segist vera og því verður hann að afla fullnægjandi upplýsinga um viðkomandi.

Dæmi um upplýsingar sem er skylt að afla og skrásetja:

- Fullt nafn.
- Kennitala.
- Tilgangur viðskipta, nema hann sé augljóst með hliðsjón af viðskiptasambandinu.
- Ríkisfang.
- Lögheimili (pósthólfsnúmer er ekki fullnægjandi).
- Afrit af persónuskilríkjum.

Dæmi um upplýsingar sem er æskilegt að afla og skrásetja:

- Símanúmer.
- Netfang, þar sem það á við.
- Starf.
- Rithandarsýnishorn.



STAÐFESTING

Staðfesting á veittum upplýsingum

Á tilkynningarskyldum aðilum hvílir sérstök rannsóknarskylda til þess að sannreyna upplýsingar um viðskiptamann og raunverulegan eiganda og meta með sjálfstæðum hætti hvort þær séu réttar og fullnægjandi.

ÞEKKTU VIÐSKIPTAMANNINN

Staðfesting á veittum upplýsingum - einstaklingar

Til að uppfylla rannsóknarskyldu hefur tilkynningarskyldur aðili heimild til þess að grípa til réttmætra ráðstafana sem, þegar um einstaklinga er að ræða, geta falist í að:

- Staðfesta kennitölu viðkomandi með upplýsingum úr Þjóðskrá Íslands.
- Staðfesta lögheimili viðkomandi með upplýsingum úr Þjóðskrá Íslands.
- Hafa samband við viðskiptamann í gegnum síma, með bréfi eða tölvupósti til að staðfesta uppgefnar upplýsingar.
- Fá staðfestingu á gildi opinberra gagna t.d. frá sendiráði, lögþólkanda (notarius publicus) eða öðrum viðurkenndum aðila sé þess þörf. Þetta ætti t.d. sérstaklega við þegar um erlendan aðila væri að ræða eða ef aðili er ekki viðstaddur í eigin persónu.

Atriði eins og ótengdur sími, endursendur póstur eða rangt netfang ættu að leiða til frekari eftirgrennslan af hálfu tilkynningarskylds aðila.

Upplýsingar um lögaðila og fjárvörslusjóði

Lögaðilar og fjárvörslusjóðir skulu sanna á sér deili með framlagningu vottorðs úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra, sambærilegra upplýsinga úr opinberri skrá eða viðurkenndum gagnagrunni sem sækir upplýsingar í slíka opinbera

skrá. Mælt er til þess að upplýsingarnar séu ekki eldri en þriggja mánaða.

Prókúruhafar og aðrir sem hafa sérstaka heimild til að koma fram fyrir hönd viðskiptamanns gagnvart tilkynningarskyldum aðila, þar með taldir framkvæmdastjórar og stjórnarmenn, skulu sanna á sér deili með sama hætti og aðrir einstaklingar. Að auki þurfa þeir að sýna fram á að þeir hafi umboð eða prókúru til þess að koma fram fyrir hönd viðkomandi lögaðila.

Tilkynningarskyldur aðili sem hyggst stofna til samningssambands við lögaðila verður að þekkja til og fullvissa sig eins og kostur er um bæði tilvist lögaðilans og hverjir eru í forsvari fyrir hann. Í því skyni að kanna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamann er nauðsynlegt að eftirfarandi upplýsinga frá lögaðilum sé aflað og þær skráðar:

- Nafn.
- Kennitala.
- Heimilisfang.
- Upplýsingar um prókúruhafar og aðra sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd lögaðilans, þar með talda framkvæmdastjóra og stjórnarmenn.
- Fullnægjandi upplýsingar um raunverulegan eiganda. Ef enginn telst raunverulegur eigandi skal afla fullnægjandi upplýsinga um stjórn og stjórnendur lögaðilans.



VIÐSKIPTI Í ÞÁGU ANNARRA

Viðskipti í þágu þriðja aðila

Tilkynningarskyldir aðilar skulu meta hvort viðskipti fari fram í þágu þriðja aðila og hafi þeir vitneskju um að svo sé, eða ástæðu til að ætla það, þar sem þeim að sannreyna hver sá þriðji aðili er á sama hátt og á við um áreiðanleikakönnun einstaklinga og lögaðila.

ÞEKKTU VIÐSKIPTAMANNINN

- Tilgang viðskipta.
- Símanúmer og netfang, þar sem það á við.
- Upplýsingar um fjárvörsluaðila, stofnaðila, ábyrgðaraðila og réttihafa þegar um fjárvörslusjóði er að ræða.
- Ef raunverulegur eigandi, stjórn eða stjórnendur eru aðilar í áhættuhópi vegna stjórn-málalegra tengsla skal meta hvort framkvæma skuli aukna áreiðanleikakönnun.

Erlendir lögaðilar

Í tilviki erlendra lögaðila er mælt til þess að afla sé vottorðs úr sambærilegri opinberri skrá og fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra, eða úr viðurkenndum gagnagrunni sem sækir upplýsingar í slíka opinbera skrá. Ef ekki er hægt að afla slíks vottorðs, skal gildi fyrirbyggjandi upplýsinga um lögaðilann staðfest af öðrum opinberum aðila.

Félagasamtök og önnur sambærileg félög

Þegar félagasamtök, húsfélög, nemendafélög, áhugamannafélög eða önnur sambærileg félög eru viðskiptamenn skal leitast við að haga upplýsingaöflun og könnun á áreiðanleika upplýsinga með sambærilegum hætti og þegar um lögaðila er að ræða.

Staðfesting á veittum upplýsingum - lögaðilar og fjárvörslusjóðir

Tilkynningarskyldur aðili skal kanna áreiðanleika þeirra upplýsinga sem lögaðili veitir við upphaf viðskipta með upplýsingum á grundvelli

viðurkenndra heimilda sem fengnar eru frá áreiðanlegum, trúverðugum og óháðum aðila. Þetta getur falist í því að:

- Skoða ársreikning síðasta reikningsárs ef hann er fyrirbyggjandi eða nýjasta útgefna ársreikning. Að öðrum kosti ætti að skoða stofnefnahagsreikning félagsins.
- Staðreyna að lögaðilinn stundi starfsemi og að starfsemi hans hafi ekki verið lögð niður.
- Afla upplýsinga um fyrri bankaviðskipti lögaðilans.
- Heimsækja lögaðilann.
- Hafa samband við lögaðilann í gegnum síma, bréfleiðis eða með tölvupósti. Ótengdur sími, endursendur póstur eða rangt netfang ættu að leiða til frekari eftirgrennslna.
- Skoða samþykktir og stofnsamning lögaðila.
- Kanna hvort hluthafasamkomulag er til staðar ef um hlutfélag er að ræða eða annað sambærilegt samkomulag milli eigenda eða stjórnenda lögaðilans.
- Athuga hvort hlutum í hlutfélagi er skipti í flokka, þar sem einn hlutabréfaflokkur hefur meiri áhrif en aðrir.
- Kanna hvort veðhafi fari með atkvæðisrétt í lögaðilanum.
- Kanna aðra samninga sem kunna að vera fyrir hendi og haft geta áhrif á stjórn lögaðilans.
- Afla vottorðs frá viðurkenndum gagnagrunni sé um erlendan aðila að ræða.



Sérstök varúðarskylda

Viðskiptasambönd þar sem tilkynningarskyldur aðili hittir ekki viðskiptamann í eigin persónu eru almennt áhættusamari. Geti viðskiptamaður ekki mætt í eigin persónu, t.d. vegna veikinda, fötlunar eða landfræðilegra aðstæðna skal gera nauðsynlegar ráðstafanir.

VIÐURKENND SKILRÍKI

Upplýsingar sem aflað er þurfa að vera fullnægjandi til að tryggja að tilkynningarskyldur aðili skilji eignarhald, starfsemi og stjórnskipulag þeirra viðskiptamanna sem eru lögaðilar, fjárvörslusjóðir eða aðrir sambærilegir aðilar.

Viðskiptamaður er ekki viðstaddur í eigin persónu

Sé viðskiptamaður ekki viðstaddur í eigin persónu skal gera nauðsynlegar ráðstafanir sem geta falist í því að:

- Starfsmenn tilkynningarskylds aðila kanni möguleika á því að heimsækja viðskiptamann.
- Afla staðfestingar á deili viðskiptamanns frá opinberum aðila.
- Krefjast þess að fyrsta greiðsla skuli gerð í nafni viðskiptamanns og af reikningi sem hann hefur stofnað í starfandi fjármálafyrirtæki.

Tegundir skilríkja

Nota skal gild og viðurkennd persónuskilríki. Með gildum skilríkjum er átt við skilríki sem ekki er útrunnin. Viðurkennd persónuskilríki eru:

- Vegabréf.
- Ökuskírteini.
- Nafnskírteini.
- Rafræn skilríki sem innihalda fullgild rafræn vottorð sem varðveitt eru á fullgildum undirskriftarbúnaði.

Skilríkin skulu vera gefin út af til þess bærum stjórnvöldum. Tilkynningarskyldir aðilar sem byggja áreiðanleikakönnun á erlendum skilríkjum þurfa að tryggja að um viðurkennd persónuskilríki sé að ræða, t.d. með því að setja sig í samband við útgefanda þeirra, skoða gagnagrunna sem halda utan upplýsingar um viðurkennd skilríki eða ganga með öðrum hætti úr skugga að um viðurkennd og ófölsuð skilríki sé að ræða.

Mikilvægt er að starfsmenn tilkynningarskyldra aðila hljóti viðeigandi fræðslu og þjálfun við greiningu og mat á erlendum skilríkjum. Meginreglan er að tryggja ber að um frumskilríki sé að ræða. Það kann þó ekki að vera hægt í öllum tilvikum, t.d. þegar um er að ræða viðskipti erlendra aðila sem ekki eru staddir hér á landi. Í slíkum undantekningartilvikum er mikilvægt að gæta sérstakrar varkárni og fara t.d. fram á að lögbókandi (notarius publicus) eða annar viðeigandi aðili staðfesti réttmæti skilríkjanna.

Tímabundin frestun á áreiðanleikakönnun

Ef um er að ræða samnings samband þar sem lítil hætta er á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka og til þess að trufla ekki eðlilegan framgang viðskipta má fresta að sannreyna upplýsingar skv. 1. mgr. 10. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, þ.e. upplýsingar sem viðskipta-



Frestun áreiðanleikakönnunar

Heimild til að fresta áreiðanleikakönnun er undanþága frá meginreglu laganna og ber að beita henni af varfærni og eingöngu þegar öll skilyrði eru uppfyllt.

REGLUBUNDIÐ EFTIRLIT

menn vísa til í því skyni að sanna á sér deili. Hins vegar verður slík staðfesting að fara fram eins fljótt og unnt er.

Skilyrði fyrir frestun áreiðanleikakönnunar eru að:

- Lítil hættu sé á peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka í fyrirhuguðu samningssambandi samkvæmt áhættumat.
- Tilgangur frestunar sé eingöngu til þess að trufla ekki eðlilegan framgang viðskipta.
- Frestun sé nauðsynleg þar sem tímabundnar óyfirstíganlegar hindranir koma í veg fyrir að viðskiptamaður geti sannað á sér deili s.s. vegna þess að hann hefur glatað skilríkjum sínum, hann er ólögráða og á ekki gild persónuskilríki eða hann dvelur á sjúkrahósti eða dvalarheimili.
- Viðskiptamaður og raunverulegur eigandi sanni þá á sér deili eins fljótt og hægt er.

Æskilegt er að tilkynningarskyldir aðilar setji sér reglur um tímabundna frestun upplýsingaöflunar þar sem fjallað væri um:

- Aðstæður þar sem lítil hættu er talin á peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Fjárhæðarmörk og tímamörk.
- Hversu lengi frestun getur varað (frestir í þessu samhengi skulu vera stuttir).
- Með hvaða hætti haldið er utan um þær undanþágur sem hafa verið veittar og ástæður fyrir þeim.

Reglubundið eftirlit

Tilkynningarskyldir aðilar skulu:

- Hafa reglubundið eftirlit með samnings-sambandi við viðskiptamenn.
- Afla fullnægjandi upplýsinga um viðskipti sem fara fram á samningstímanum til að tryggja að viðskipti þeirra séu í samræmi við fyrirbyggjandi upplýsingar og áhættumat.
- Staðfesta, eftir því sem við á, uppruna þeirra fjármuna sem notaðir eru í viðskiptum.
- Grípa til réttmætra ráðstafana til að staðreyna viðeigandi upplýsingar.
- Uppfæra upplýsingar um viðskiptamenn reglulega og afla frekari upplýsinga eftir því sem þörf krefur.

Hafa verður í huga að tilkynningarskyldir aðilar kunna einnig að þurfa að kanna áreiðanleika upplýsinga um núverandi viðskiptamenn sína, m.a. þegar breytingar verða á samnings-sambandinu eða einstökum þáttum þess og eins ef tilkynningarskyldum aðilum er skylt að endurskoða reglulega raunverulegt eignarhald samkvæmt lögum eða öðrum skuldbindingum.

Áhættu- og söfnunarlíftryggingar

Þegar um áhættu- og söfnunarlíftryggingar er að ræða skulu tilkynningarskyldir aðilar til viðbótar við áreiðanleikakönnun á viðskiptamanni, framkvæma áreiðanleikakönnun á rétt-hafa slíkra trygginga um leið og hann er



Einfölduð og aukin áreiðanleikakönnun

Heimilt er að beita einfaldaðri áreiðanleikakönnun þegar áhættumat sýnir fram á að um litla áhættu sé að ræða. Sýni áhættumat hins vegar fram á mikla áhættu ber að beita aukinni áreiðanleikakönnun. Það sama á við þegar um er að ræða þær aðstæður sem fjallað er um í 13.-17. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

EINFÖLDUÐ ÁREIÐANLEIKAKÖNNUN

þekktur eða tilnefndur, og í síðasta lagi við útgreiðslu tryggingarinnar í heild eða að hluta eða þegar henni er ráðstafað með öðrum hætti, t.d. með framsali. Þá skulu tilkynningarskyldir aðilar kanna sérstaklega hvort að rétt-hafi áhættu- eða söfnunarlíftrygginga sé aðili í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla og ef svo er skal framkvæma aukna áreiðanleikakönnun.

Einfölduð áreiðanleikakönnun

Hafi áhættumat sýnt fram á litla áhættu er tilkynningarskyldum aðilum heimilt að framkvæma einfaldaða áreiðanleikakönnun. Einfölduð áreiðanleikakönnun felur ekki í sér undanþágu frá áreiðanleikakönnun. Við einfaldaða áreiðanleikakönnun skulu tilkynningarskyldir aðilar afla upplýsinga um og staðfesta þá þætti sem nefndir eru í 1. mgr. 10. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, en heimilt er að aðlaga umfang eða tíðni þessara þátta að niðurstöðu áhættumatsins t.d. með því að:

- Fresta því hvenær deili á viðskiptamanni og raunverulegum eiganda eru sannreynd.
- Notast við færri heimildir við að sannreyna deili á viðskiptamanni og raunverulegum eiganda, t.d. afla upplýsinga af heimasíðu þegar um opinberar stofnanir er að ræða.
- Gera ekki jafn miklar kröfur og ella til þess hvaðan upplýsingar til að sanna eða stað-

festa deili á viðskiptamanni eða raunverulegum eiganda eru fengnar, t.d. afla upplýsinga af heimasíðu þegar um opinberar stofnanir er að ræða.

Framkvæmd einfaldaðrar áreiðanleikakönnunar getur einnig falist í því að upplýsingar um áreiðanleika viðskiptamanns eru uppfærðar sjaldnar en ella, t.d. þannig að þær séu eingöngu uppfærðar við tiltekna aðstæður, svo sem þegar viðskiptavinur bætir við sig nýrri vöru eða þjónustu eða þegar tilteknum viðmiðunarmörkum er náð. Tilkynningarskyldir aðilar þurfa þó að tryggja að slík aðlögun feli ekki í sér að upplýsingar um áreiðanleika viðskiptamanns séu aldrei uppfærðar.

Aukin áreiðanleikakönnun

Hafi áhættumat sýnt fram á mikla áhættu, og þegar um er að ræða þær aðstæður sem fjallað er um í 13.-17. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, ber að beita aukinni áreiðanleikakönnun. Með aukinni áreiðanleikakönnun í þessu sambandi er átt við að framkvæma skuli áreiðanleikakönnun í samræmi við 10. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, auk viðbótarþátta sem taka skulu mið af þeirri áhættu sem tengist viðkomandi viðskiptum, viðskiptamanni eða samningssambandi. Þessir viðbótarþættir geta m.a. falist í öflun aukinna



AUKIN ÁREIÐANLEIKAKÖNNUN

Áhættusöm ríki

Áhættusöm ríki eru þau ríki eða ríkjasvæði sem hafa ekki fullnægjandi laga- og regluverk gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eða fullnægjandi eftirlit og stofnanalega umgjörð til að draga úr hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þessi ríki eru tilgreind í tilkynningum eftirlitsaðila samkvæmt 6. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, svo og í viðauka með reglugerð nr. 71/2019.

AUKIN ÁREIÐANLEIKAKÖNNUN

upplýsinga, auknum gæðum upplýsinga eða auknu eftirliti.

Það er alltaf skylt að framkvæma aukna áreiðanleikakönnun þegar um er að ræða:

- Viðskipti við einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla, þ.m.t. þegar raunverulegur eigandi er aðili með stjórnmalaleg tengsl.
- Viðskipti fjármálafyrirtækja við önnur fjármálafyrirtæki frá löndum utan aðildarríkja (e. correspondent banking).
- Flóknar eða óvenjulega háar færslur, óvenjuleg viðskiptamynstur eða færslur sem virðast hvorki hafa efnahagslegan né löglegan tilgang.
- Viðskipti við einstaklinga, lögaðila, fjárvörslusjóði eða aðra sambærilega aðila í áhættusömum eða ósamvinnuþýðum ríkjum.

Einstaklingar teljast í áhættuhópi vegna *stjórnmalalegra tengsla* þegar þeir eru eða hafa verið háttsettir í opinberri þjónustu. Það sama á við um nánustu fjölskyldu þeirra og einstaklinga sem vitað er að eru nánir samstarfsmenn þeirra.

Í 13. – 17. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og reglugerð

um áreiðanleikakönnun eru talin upp þau tilvik þar sem skylt er að framkvæma aukna áreiðanleikakönnun og í hverju hún á að felast. Þannig þarf t.d. að afla aukinna upplýsinga um viðskiptamann, raunverulegan eiganda, fyrirhugað eðli samningssambands, uppruna fjármuna og tilgang viðskipta þegar verið er að framkvæma aukna áreiðanleikakönnun vegna viðskipta við einstakling sem er búsettur í áhættusömu eða ósamvinnuþýðu ríki samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laganna. Hins vegar þarf m.a. að hafa aukið reglubundið eftirlit með viðskiptamanni sem er í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laganna.

Þegar þeim tilvikum sleppir sem sérstaklega eru nefnd í ákvæðum 13.-17. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka fer það eftir niðurstöðu áhættumats hvort það þurfi að framkvæma aukna áreiðanleikakönnun. Þá verður sömuleiðis að meta það út frá niðurstöðu áhættumatsins í hverju aukin áreiðanleikakönnun þarf að felast. Dæmi um slík tilvik gæti verið þegar tilkynningarskyldur aðili verður var við færslur sem eru óvenjulega háar miðað við þann áhættuflokk sem viðskiptamaður tilheyrir eða færslur sem eru mjög óvenjulegar miðað við venjubundin viðskipti viðskiptamannsins.



Áreiðanleikakönnun þriðja aðila

Tilkynningarskyldur aðili sem byggir á áreiðanleikakönnun þriðja aðila ber að ganga úr skugga um að sá tilkynningarskyldi aðili sem hann fær upplýsingar frá uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, þ.e. að hann framkvæmi áreiðanleikakönnun, varðveiti gögn og lúti sambærilegu eftirliti og lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka kveða á um. Þá verður tilkynningarskyldur aðili sömuleiðis að tryggja að hann fá án tafar afhentar þær upplýsingar sem kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr. laganna.

ÁREIÐANLEIKAKÖNNUN ÞRIÐJA AÐILA

Aukin áreiðanleikakönnun getur t.a.m. falið í sér að gera auknar kröfur til gæða þeirra upplýsinga sem aflað er til að staðfesta deili á viðskiptamanni eða að afla aukinna upplýsinga um fyrirhugað viðskiptasamband til að ganga úr skugga um að lögmætur tilgangur búi því að baki. Nánar er fjallað um þær kröfur sem gerðar eru til aukinnar áreiðanleikakönnunar í reglugerð um áreiðanleikakönnun.

Áreiðanleikakönnun þriðja aðila

Samkvæmt 18. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka þarf tilkynningarskyldur aðili ekki að kanna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamann áður en viðskipti hefjast ef samsvarandi upplýsingar koma fram fyrir tilstilli annars tilkynningarskylds aðila. Tilgangurinn með þessari heimild er að komast hjá endurtekningum við að framkvæma áreiðanleikakannanir á viðskiptamönnum sem kunna að leiða til tafa og óhagkvæmni í viðskiptum. Skilyrðin fyrir því að þetta sé heimilt eru þau að sá sem veitir upplýsingarnar:

- Framkvæmi áreiðanleikakönnun og varðveiti gögn í samræmi við kröfur laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

- Lúti sambærilegu eftirliti og lögin kveða á um.
- Gerður sé samningur um upplýsingaskiptin.
- Að upplýsingar skv. 10. gr. laganna séu afhentar án tafar.

Tilkynningarskyldur aðili sem byggir á áreiðanleikakönnun annars tilkynningarskylds aðila, skal hafa hliðsjón af hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í því ríki þar sem viðkomandi aðili er staðsettur. Þá er óheimilt að byggja á upplýsingum frá fyrirtækjum með staðfestu í áhættusömum og ósamvinnuþýðum ríkjum.

Hafa verður í huga að *endanleg ábyrgð* á könnun á áreiðanleika viðskiptamanns hvílir á þeim tilkynningarskylda aðila sem tekur á mótí upplýsingum.

Heimild til að víkja frá áreiðanleikakönnun

Ef sú staða er uppi að áframhaldandi framkvæmd áreiðanleikakönnunar gæti gert viðkomandi viðvart (e. tipping off) eða hindrað rannsókn eða lögsókn vegna grunsamlegra viðskipta, þá er tilkynningarskyldur aðila heimilt að láta hjá líða að framkvæma áreiðanleikakönnun og stofna til samningssambands eða



NAFNLAUS VIÐSKIPTI

Nafnlaus viðskipti

Tilkynningarskyldum aðilum á fjármálamarkaði er óheimilt að bjóða upp á nafnlaus viðskipti. Reynist ekki unnt að afla upplýsinga um viðskiptamann eða raunverulegan eiganda, að teknu tilliti til áhættumats tilkynningarskylds aðila og ekki eru uppi þær aðstæður sem heimila undanþágu, er óheimilt að framkvæma viðskipti eða stofna til samningssambands við viðkomandi.

Tilkynningarskyldum aðilum á fjármálamarkaði, lögmönnum og endurskoðendum er óheimilt að taka þátt í eða stuðla að viðskiptum sem ætlað er að dylja raunverulegt eignarhald.

EKKI UNNT AÐ FRAMKVÆMA ÁREIÐANLEIKAKÖNNUN

láta viðskipti ná fram að ganga. Ef slíkar aðstæður koma upp skal tilkynna um það án tafar til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu.

Ekki unnt að framkvæma áreiðanleikakönnun

Reynist ekki mögulegt að framkvæma áreiðanleikakönnun og ekki eru uppi þær aðstæður sem heimila undanþágu frá því samkvæmt 1. og 2. mgr. 11. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sem lúta að tímabundinni frestun á framkvæmd áreiðanleikakönnunar, er óheimilt að framkvæma viðskipti eða stofna til samningssambands við viðkomandi aðila. Hafi verið stofnað til samningssambands skal binda enda á það og jafnframt meta hvort ástæða sé til að senda skrifstofu fjármálagreininga lögreglu tilkynningu.

STÝRIHÓPUR OG ÚTGÁFA

Kynningarefni

Allt kynningarefni sem stýrihópur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hefur gefið út er aðgengilegt á heimasíðu dómsmálaráðuneytisins.

